

GREINARGERÐ

Farþegaskip í Hafnarfirði — sumarið 2026



1. Inngangur

Undanfarin ár hefur Hafnarfjarðarhöfn tekið á móti sívaxandi fjölda farþegaskipa sem nota höfnina sem heimahöfn (e. turnaround port) fremur en hefðbundna viðkomuhöfn. Það þýðir að farþegar koma til og fara frá skipunum í Hafnarfirði — ferðast til og frá flugvelli, gista jafnvel í bænum og stíga um borð eða frá borði hér — í stað þess að skipin leggist einungis að bryggju í stuttri dagsferð eins og tíðkast víða annars staðar.

Skipin eru minni leiðangurs- og lúxusskip, þar sem franska skipafélagið Ponant er fyrirferðarmest. Þessi tegund reksturs kallar á talsvert umfangsmeiri þjónustu af hálfu hafnarinnar og bæjarins en hefðbundnar skemmtiferðaskipakomur, enda fylgir oftast hverri heimsókn farþegaskipti, farangursafgreiðsla, flutningar til og frá höfn og margvísleg þjónusta við bæði farþega og áhafnir á meðan beðið er.

2. Sumarið í tölum

Sumarið 2026 var metár í móttöku farþegaskipa í Hafnarfirði — nærri tvöföldun frá árinu áður, bæði í skipakomum og gestafjölda. Um var að ræða smærri farþegaskip, þar sem franska skipafélagið Ponant var ábyrgt fyrir flestum komum með fjórum skipum sínum. Átta sinnum voru tvö skip samtímis í höfn.

	2026	2025
Skipakomur	30	18
Farþegar	7.488	3.888
Áhafnar meðlimir	4.466	2.243
Gestir samtals	11.954	6.131

3. Dæmigerður komudagur — hvernig þjónustan fór fram

Á dæmigerðum komudegi fólst starfsemin fyrst og fremst í móttöku skipanna, farþega, umsjón með farangri, upplýsingagjöf og þjónustu við áhafnir skipanna.

Nýja þjónustuhúsið reyndist mikilvægur þáttur í upplifun bæði gesta og starfsfólks skipanna. Þar gat fólk hlaðið síma, tengst Internetinu, farið á salernið og fengið sér kaffi. Fjölmargir aðrir nýttu sér þjónustuhúsið, svo sem bílstjórar, starfsmenn við umskipun, öryggismála, farangursmála og móttöku farþega.

Þjónustufulltrúi veitti upplýsingar til þeirra farþega sem höfðu tíma og áhuga til að skoða Hafnarfjörð með því að afhenda þeim bækling með korti og útskýrði síðan vel staðhætti og þjónustuaðila. Allir þeir farþegar sem þjónustufulltrúi náði tali af voru ánægðir með sína upplifun í Hafnarfirði.

Eftir því sem leið á sumarið varð þjónustan sífellt skilvirkari og samstarf hafnarstarfsmanna, þjónustuaðila og skipafélaga styrktist jafnt og þétt. Þetta kom sér sérstaklega vel þegar tvö eða þrjú skip voru samtímis í höfn og farþegaskipti áttu sér stað á sama tíma, með tilheyrandi umferð og flækjustigi.



- **Þjónustuaðilar á staðnum:** Auk hafnarstarfsmanna og þjónustufulltrúa sáu ferðaþjónustufyrirtæki um móttöku farþega, farangursafgreiðslu, uppsetningu tjalda og aðra þjónustu fyrir skipin.
- **Akstur og túrar:** Rútafyrirtæki, bílstjórar og leigubílar sinntu umfangsmiklum akstri til og frá höfninni, auk dagsferða um landið. Einnig bauð Hafnarfjarðarhöfn upp á reglulegar ferðir til Reykjavíkur, ferðir sem voru ætlaðar bæði farþegum og áhöfnum skipanna.
- **Ávinningur fyrir bæinn:** Veitingastaðir, matvöruverslanir, apótek og söfn nutu heimsóknna farþega og áhafna.

4. Hápunktar sumarsins

- **18.–21. júlí — þrjú skip samtímis:** Í fyrsta sinn frá því að farþegaskip fóru að koma reglulega til Hafnarfjarðarhafnar í byrjun aldarinnar voru þrjú skip frá Ponant í höfninni á sama tíma (Le Bellot, Laperouse og L'Austral). Hátt í tvö þúsund farþegar og áhafnarmeðlimir voru á svæðinu samtímis, auk mikils fjölda þjónustuaðila. Farþega- og áhafnarskipti fóru fram í öllum þremur skipunum sama dag — verkefnið gekk vel þökk sé góðri samvinnu hafnarstarfsmanna og þjónustuaðila.
- **Lúxusskiptið við Hvaleyrarbakka:** Vegna stærðar og sérþarfa farþega þurfti eitt skipanna að leggjast við Hvaleyrarbakka í stað hefðbundinnar bryggju, fyrst helgina eftir verslunarmannahelgi og svo aftur 13. ágúst. Tvö stór tjöld voru sett upp fyrir glæsilega móttöku og farþegar fluttir til og frá borði í dýrum bifreiðum. Báðir komudagar skipsins gengu mjög vel.
- **Sjómannadagurinn og Red Bull-viðburðurinn:** Sköpuðu líf og athygli á hafnarsvæðinu yfir sumarið en ekkert farþegaskip var bundið við höfn á meðan þeir viðburðir fóru fram.



5. Það sem gekk vel

- Samstarf hafnarstarfsmanna, þjónustuaðila og skipafélaga jókst eftir því sem á leið sumarið — engin teljandi vandræði urðu, jafnvel þegar tvö til þrjú skip voru samtímis í höfn.
- Þjónustuhúsið reyndist ómissandi fyrir komufarþega og starfsfólk skipanna og skapaði m.a. vettvang fyrir áhafnir ólíkra skipa til að hittast á frívöktum. Einnig var hægt að nýta húsið fyrir landamæraeftirlit og sem aðstöðu fyrir starfsfólkið sem starfaði í kringum lúxusskipið sem lá við Hvaleyrarbakka.
- Farþegar sem gengu í bæinn — að jafnaði 15–30 í hverri heimsókn — voru undantekningalaust mjög ánægðir. Hellisgerði, miðbærinn, söfn og veitingastaðir voru vinsælust.
- Áhafnarmedlimir nýttu einnig þjónustu í bænum, einkum matvöruverslanir og apótek, og í nokkrum tilvikum Suðurbæjarlaug.
- Afgreiðslutímar verslana pössuðu almennt vel við farþegakomur, fyrir utan verslunarmannahelgi þegar takmörkuð þjónusta dró úr möguleikum gesta.

6. Áskoranir og tækifæri til úrbóta

- **Rafmagnstengingar:** Hafnarfjarðarhöfn hefur verið leiðandi í orkuskiptum og getur afhent farþegaskipum mikla raforku til að draga úr útblæstri og hljóðmengun. Hinsvegar tengdust skip Ponant rafmagni aðeins einu sinni hvert skip og önnur skip mjög sjaldan yfir sumarið. Til að mæta þörfum framtíðarinnar um minni mengun er vert að skoða að setja upp tvær tengingar þar sem farþegaskipin leggjast að bryggju.
- **Tenging hafnar við miðbæ:** Skýrari merkingar vantar milli hafnar og miðbæjar. Klára þarf gönguleiðina við Íshús Hafnarfjarðar/Ægishúsið svo hún tengist samfelldri leið meðfram sjávarsíðunni.
- **Þjónustuhúsið:** Gott væri að bæta við einu til tveimur bilum við þjónustuhúsið og vera með hurðir á báðum endum hússins, til að greiða fyrir flæði við innritun, landamæraeftirlit og móttöku stærri hópa.
- **Frumkvæði þjónustuaðila í bænum:** Í dag er enginn þjónustuaðili sem býður þjónustu sína beint til skipanna eða skipafélaganna. Hér liggur ónýtt tækifæri — sérstaklega gagnvart Ponant, sem býður farþegum sínum ýmsa viðbótarþjónustu á landi.
- **Upplýsingagjöf til þjónustuaðila:** Lagt er til að þjónustuaðilum í Hafnarfirði verði bent á með góðum fyrirvara, hvaða önnur skip séu líkleg til að vera með farþega gangandi um bæinn, svo þeir geti undirbúið þjónustu sína í tæka tíð.

7. Horfur fyrir sumarið 2027

Horfur fyrir næsta sumar eru góðar og nú þegar hafa verið bókaðar 19 skipakomur sem samsvara 4.542 farþegum og 2.664 áhafnar meðlimum.

- Aukið samstarf hafnar, ferðamálayfirvalda og þjónustuaðila, m.a. með markvissari upplýsingagjöf um væntanlegar skipakomur.
- Sérstök tækifæri gagnvart Ponant — gististaðir, veitingastaðir og leiðsögufólk gætu aukið þátttöku sína í landþjónustu skipafélagsins.
- Betri gönguleið milli hafnar og miðbæjar.



8. Samantekt

Sumarið 2026 var metár og sýndi að Hafnarfjörður er vel í stakk búinn til að taka á móti farþegaskipum — jafnvel þegar mörg þeirra koma samtímis. Helstu tækifæri til framtíðar liggja í bættum innviðum (gönguleiðir, þjónustuaðstaða, rafmagn), markvissari upplýsingagjöf til þjónustuaðila og þannig auknu frumkvæði þjónustuaðila gagnvart skipafélögunum.